



Stefna Matvælasjóðs

Hlutverk Matvælasjóðs, sem stofnaður var með lögum nr. 31, 30. apríl 2020, er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum. Sjóðurinn styrkir verkefni og rannsóknir einstaklinga og lögaðila.

Áhersla er á nýsköpun, sjálfbærni, verðmætasköpun og samkeppnishæfni íslenskra matvæla um land allt. Horft er til þess að stuðningur við matvælaframleiðslu verði sem næst uppruna hennar.

Sjóðurinn fylgir eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna.

Við mat á umsóknum er litið til þeirra áhersluþátta sjóðsins sem áður voru nefndir. Þá er einnig litið til gæða verkefnis- eða rannsóknaráætlunar, þ.m.t. skýrleika, markmiða og skipulags verkefnis, hagnýtingargildis, áhrifa og getu umsækjenda til að leysa verkefnið.